

**Ed. 276. Frumvarp til laga [158. mál]**

um breyting á lögum nr. 24 17. marz 1954, um breyting á lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.

Frá fjárhagsnefnd.

**1. gr.**

Í stað orðanna „kr. 9.00—36.00 á ári“ í 1. gr. laganna komi: kr. 25.00—100.00 á ári.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Nefndin flytur frumvarp þetta samkvæmt beiðni kirkjumálaráðherra, og hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um afstöðu til málsins.

Kirkjuþing 1960 samþykkti að leggja fyrir Alþingi ályktun um að breyta lögum um sóknargjöld þannig, að hámark þeirra yrði eigi lægra en kr. 100.00, og þykir þá eðlilegt, að lágmark þeirra hækki í kr. 25.00 til samræmis.

Síðan sóknargjöld þau, er nú eru lögfest, gengu í gildi með ársbyrjun 1955, hefur rekstrarkostnaður safnaðanna stóraukizt. T. d. hefur rekstrarkostnaður dómkirkjusafnaðarins í Reykjavík aukizt að þriðjungi, eða um það bil, á árunum 1955—59, og stóðu sóknargjöld ekki undir rekstri dómkirkjunnar á síðasta ári, þótt engar verulegar viðgerðir eða umbætur á kirkjunni færu fram það ár. Hefur þó hámarksleyfið verið notað þar, eins og í öllum söfnum Reykjavíkur.

Þetta dæmi eitt sýnir, að jafnvel söfnuði, sem á kirkjuhús sitt skuldlaust og annað, sem þarf til venjulegrar safnaðarstarfsemi, er ókleift að reka starfið með þeim sóknargjöldum, sem nú eru lögfest, þótt hámarksákvæðinu sé fylgt. Ætti af því að vera auðsætt, að söfnuðum, sem standa undir stórskuldum vegna kirkjuhúsa sinna, er mikil þörf á hækkun sóknargjaldanna.